



Reykjavík 27. október 2008

## **Verðandi foreldrar, vinafjölskyldur og heimilisbókhald**

### **Úthlutun úr forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar**

Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri úthlutar í fyrsta sinn í dag styrkjum úr forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar til 22ja verkefna og nemur heildarupphæðin um 30 milljónum króna. Alls bárust 121 umsókn sem sýnir að mikill áhugi er fyrir verkefnum af þessum toga. Skipaður var sérstakur ráðgjafahópur til að meta umsóknir og eru verkefnin sem styrkt eru að þessu sinni fjölbreytt og falla öll að markmiðum sjóðsins.

Tillaga um forvarna- og framfarasjóð Reykjavíkurborgar var samþykkt í borgarráði þann 29. nóvember 2007. Markmið með stofnun sjóðsins er að stuðla að árangri í forvarnastarfi, eflingu félagsauðs, auknu öryggi íbúa og bættri umgengni í borginni. Ennfremur er það verkefni sjóðsins að gefa einstaklingum, félagasamtökum og fyrirtækjum tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar á sviði forvarna og framfara í samstarfi við fagsvið Reykjavíkurborgar og þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs.

Upphaflega stóð til að veita um 50 milljónum króna úr sjóðnum en í ljósi efnahagsástandsins þótti borgarráði viðeigandi að beina því til ráðgjafahópsins að tillögur að heildarúthlutun næmu ekki meira en 30 milljónum króna.

Þau verkefni sem hljóta styrk úr fyrstu úthlutun Forvarna- og framfarsjóðs Reykjavíkurborgar eru:

**1. Fella- og Hólakirkja** fyrir verkefnið „Litróf“. Listasmiðja fyrir börn í Fella- og Hólhverfum á aldrinum 10-15 ára. Þátttakendur eru íslensk börn og börn innflytjenda. 300.000 kr.

**2. Þjónustumiðstöðvar í öllum hverfum borgarinnar** fyrir verkefnið „Barnið komið heim“. Námskeið ætlað verðandi foreldrum um þær breytingar sem verða við fæðingu barns. 2.640.000 kr.

**3. Vin Þorsteinsdóttir og Zuilma Gabriela Sigurðardóttir** fyrir verkefnið „Ráðgjöf til fagfólks og foreldra varðandi hegðunarmál barna og unglunga“. Kennurum og foreldrum er veittur aðgangur að vönduðu og notendavænu forriti með upplýsingum um rétt viðbrögð við hegðunar- og aðlögunarvanda barna og unglunga, allt frá leikskólaaldri til 18 ára aldurs. 2.800.000 kr.

**4. Samtök kvenna af erlendum uppruna** fyrir verkefnið „Upplýsingabækling um starfsemi samtakanna“. Útgáfa efnis verður á ensku, pólsku, rússnesku og taílesku. 375.000 kr.

**5. Skátafélagið Hamar** fyrir verkefnið „Skátastarf í Grafarholti“. Stefnt er að því að koma á fót skátastarfi í Grafarholti veturinn 2008-2009, annarsvegar fyrir 7-9 ára börn og hinsvegar fyrir 10-12 ára. 400.000 kr.

**6. Hundrað og áttatíu gráður (Cafe Rót)** fyrir verkefnið „Áfengis- og vímuefnalaust kaffihús“. Kynna og styrkja enn frekar starfsemi kaffihússins Cafe Rót sem er skjól og athvarf óvirkra neytenda og þeirra sem eru að koma aftur út í lífið eftir erfiðleika. 3.000.000 kr.

**7. Foreldrafélag Vesturbæjarskóla** fyrir verkefnið „Vinafjölskyldur í Vesturbæjarskóla“. Koma á tengslum milli tveggja eða fleiri fjölskyldna, þar sem íslensk fjölskylda og innflytjenda eða íslensk-blönduð fjölskylda hafa samskipti sín á milli. 1.500.000 kr.

**8. Saman-hópurinn, félag um forvarnir** fyrir verkefnið „Þýðing á framhaldsskólabækling Saman-hópsins yfir á önnur tungumál“. Stuðla að virkri þátttöku unglunga af erlendum uppruna í íslensku samfélagi og styrkja foreldra af erlendum uppruna í uppeldislutverki sínu miðað við íslenskar aðstæður. 700.000 kr.

**9. Námsstofan ehf.** fyrir verkefnið „Heimanámsstofa“. Heimanámsstofan er ætluð námsmönnum á öllum aldri með sérstaka áherslu á nemendur með sérþarfir og leiðsögn til foreldra. Stuðst verður við veftækt námstækniforrit, Nemanet. 4.000.000 kr.

**10. Björgunarsveitin Kjölur** fyrir verkefnið „Björgunarsveitarstörf“. Markmiðið er að vekja áhuga unglunga á útivist, ferðamennsku og sjálfbóðaliðastarfi á björgunar- og slysavarnarviði. 200.000 kr.

- 11. Ástráður, forvarnarstarf læknanema** fyrir verkefnið „Læknanemar gegn kynsjúkdómum og ótímabærum þungunum“. Fyrir- huguð er auglýsingaherferð í samvinnu við sóttvarnalækni, Hitt húsið, og fleiri aðila til að upplýsa ungt fólk um kynsjúkdóma, einkenni þeirra og smitleiðir. Auk fræðslu um ótímabærar þunganir og afleiðingar þeirra. 500.000 kr.
- 12. Hugarafli** fyrir verkefnið „Geðfræðslan, grunnskólafræðsluverkefni Hugarafli“. Farið verður af stað með fræðslu í efstu bekkjum grunnskóla sem miðar að því að draga úr fordómum gagnvart geðröskunum. 1.320.000 kr.
- 13. Þjónustumiðstöð Breiðholts** fyrir verkefnið „Ný tækifæri fyrir fólk af erlendum uppruna“. Ungu fólki af erlendum uppruna verður boðin starfsþjálfun og stuðlað þannig að aukinni atvinnuþátttöku til starfa sem tengjast börnum og ungmennum. 1.880.000 kr.
- 14. SÁÁ** fyrir verkefnið „Heilbrigð sál í hraustum líkama“. Stofnað verður íþróttafélag ungs fólks af báðum kynjum sem hafa lokið meðferð hjá SÁÁ. 450.000 kr.
- 15. Fjörefli** fyrir verkefnið „Gróðursetning í Gufunesi“. Gróðursetning skjólbeltis í Gufunesi en þar er enginn trjágróður né skjól svo heita megi. 1.000.000 kr.
- 16. Fríða Björnsdóttir og Guðrún Þórðardóttir** fyrir verkefnið „Lagt í vörðuna – Engin heilsa án geðheilsu, allir hafa geðheilsu“. Þróunarverkefnið er forvarnarverkefni byggt á geðorðunum 10 og geðræktarkassa. 1.000.000 kr.
- 17. Alþjóðahús** fyrir verkefnið „Foreldraverkefni Alþjóðahúss í Breiðholti“. Ætlunin er að bjóða upp á foreldramorgna fyrir foreldra af erlendum uppruna. Meðal annars verður boðið upp á þematengda íslenskukennslu. 500.000 kr.
- 18. Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar** fyrir verkefnið „Frístundir innflytjendabarna“. Verkefnið verður unnið á hverfavísu og beinist að aukinni þátttöku barna og unglinga af erlendum uppruna í æskulýðs-, menningar- og íþróttastarfi. 4.000.000 kr.
- 19. Neytendasamtökin** fyrir verkefnið „Forvarnir í fjármálum heimila og einstaklinga“. Boðið verður upp á fjármála- og heimilisbókhaldsnámskeið fyrir almenning í öllum hverfum borgarinnar. 1.600.000 kr.
- 20. Laugalækjaskóli** fyrir verkefnið „Forvarnaáætlun fyrir Laugarneshverfið“. Í hverfinu hafa stofnanir borgarinnar, grunnskólar, leikskólar, frístundaheimili og ÍTR hafið vinnu að gerð sameiginlegrar forvarnaáætlunar fyrir hverfið og þann barnahóp sem þar vex úr grasi. 190.000 kr.
- 21. Leiðtogaþjálfun ehf.** fyrir verkefnið „Næsta kynslóð“. Þjónustumiðstöðvum verður falið að bjóða unglingum á aldrinum 14-17 ára að fara á sjálfstyrkingarnámskeið. 510.000 kr.
- 22. Leikfélagið Regína – 540 gólf** fyrir verkefnið „Leiksýningin ‚Hvað ef‘“. Leiksýning sem notast við leik, söng, ljóð og tónlist til fræðslu. Farið er yfir kaldar staðreyndir varðandi neyslu vímuefna. 1.000.000 kr.